

Mánudaginn 13. nóvember 1944.

Nr. 129/1942. Jarðakaupasjóður ríkisins

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

db. Erlends Jónssonar (Einar Ásmundsson).

Landamerkjamála.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. des. 1942 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda eftir mati hæstaréttar.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn í málinu, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Sönnunarbyrði um það, að Hvítá hafi breytt farvegi sínum síðan 1889, hvílir óskorað á áfrýjanda. Með gögnum þeim, sem fram eru komin af hans hálfu í máli þessu, eru að vísu líkur að því færðar, að breyting hafi orðið á rennsli árinna á þessum tíma, en ekki þykja fullar sönnur að því leiddar, þar sem skýrslur vitna eru andstæðar sín á milli um þetta atriði. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en að laun skipaðs málflytningarmanns stefnda, kr. 1800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Það verður að telja mikinn galla á meðferð máls þessa, að málflytjendur hafa sjálfir aflað sér skriflegra vottorða frá vitnum, áður þau kæmu fyrir dóm, í stað þess að landamerkjadómurinn átti sjálfur að kveðja vitnin á vettvang, taka þar af þeim skýrslur og samprófa þau.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en mál-

flutningslaun skipaðs málflytjanda stefnda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, kr. 1800.00, greiðist úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. sept. 1942.**

Ár 1942, miðvikudaginn 30. september, var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var að Brautarholti í Kjalarneshreppi af settum sýslumanni Jóh. Gunnari Ólafssyni sem formanni dómsins með meðdómsmönnum Ólafi Bjarnasyni og Jónasi Magnússyni kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 27. apríl 1942.

Með stefnu útgefinni 6. október 1941 hefur Erlendur Jónsson, bóndi á Mógilsá í Kjalarneshreppi, höfðað mál þetta fyrir landamerkjadóminum gegn landbúnaðarráðherra f. h. jarðakaupasjóðs ríkisins sem eiganda jarðarinnar Kollafjarðar í Kjalarneshreppi, og hefur hann gert þær réttarkröfur, að landamerki milli Mógilsár og Kollafjarðar verði ákveðin með dómi þannig, að „frá sjó ráði Hvítá merkjum, eins og hún rennur nú til sjávar, fyrir sunnan Sandeyri við Kollafjarðarbotn, upp að malarkambi og gegnum hann, síðan til norðurs meðfram malarkambinum, eins og áin rennur nú, að tjörninni, sem áin myndar fyrir austan malarkambinn, síðan eftir miðri tjörninni. Þar eftir ráði áin, frá því að hún rennur í tjörnina, og eins og hún rennur nú, til upptaka árinna, en síðan ráði stytta lína frá upptökum árinna í Esjubrún.“

Enn fremur hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkennt verði, að Mógilsá hafi átt land að Hvítá, þar sem hún rann gegnum malarkambinn til sjávar, áður en setulið Breta hóf malartöku norðan árinna og orsakaði, að farvegur árinna fluttist til norðurs í malarkambinum.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndur hefur hins vegar krafizt þess, að landamerki jarðarinnar verði ákveðin þessi:

Frá sjó ráði bogin lína (merkt með rauðu á korti Samúels Eggertssonar, er lagt hefur verið fram í málinu sem rskj. nr. 9) frá nyrzta enda sandrifs þess, sem er fyrir framan leirurnar og sem upp úr sjó kemur um stórstraumsfjöru, í miðja tjörnina. Síðan lína eftir miðri tjörninni, þar eftir ráði áin frá því hún rennur í tjörnina og eins og hún rennur nú til upptaka árinna, en síðan ráði landamerkjum bein lína um Geithól upp á há Esju.

Þá hefur hann krafizt þess, að sér verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Undir rekstri málsins hefur stefndur breytt kröfum sínum á þá leið, að landamerkin verði þessi:

*Aðallega:* Frá sjó ráði landamerkjum bein lína (merkt með bláu striki á rskj. nr. 9) úr norður-horni sandrifs þess, sem er fyrir framan leirurnar og sem upp úr sjó kemur um stórstraumsfjöru, að malarkambinum og í gegnum hann í vik það úr tjörninni, sem gengur inn (suðvestur) í malarkambinn (þar sem rauða og bláa línan á rskj. nr. 9 skerast), síðan lína eftir miðri tjörninni. Þar eftir ráði áin frá því hún rennur í tjörnina og eins og hún rennur nú til upptaka árinna, en síðan ráði landamerkjum bein lína um Geithól upp á há-Esju.

*Til vara:* Að landamerkin verði ákveðin samkvæmt hinni upphaflegu kröfugerð stefnds.

*Til þrautavara:* Að merkjalínan verði ákveðin bein lína þvert yfir malarkambinn á þeim stað, sem Hvítá rann út úr tjörninni árið 1908, en það er 140 m norðar en hún rennur nú út úr malarkambinum, og stefndi sú lína annars vegar út í miðjan Kollafjörð, en hins vegar í miðja tjörnina (tjarnarálinn). Að öðru leyti verði merkin hin sömu og tekið er fram í aðalkröfunni.

Sáttatilaun reyndist árangurslaus.

Mál þetta er gjafsóknarmál.

Stefnandi hefur mótmælt hinni síðari kröfugerð stefnds, þar sem hún væri of seint fram komin. Hefur hann vitnað til 8. greinar landamerkjaganna nr. 41/1919, þar sem svo er fyrir mælt, að aðiljar skuli lýsa kröfum sínum í upphafi máls. Hefur hann sérstaklega byggt neitun sína á því, að hér væri um nýjar kröfur að ræða.

Dómurinn getur ekki fallizt á þessar röksemdir stefnanda, þar sem þessi síðari orðun á kröfum stefnds er í öllum verulegum atriðum samhljóða hinum upphaflegu kröfum og varakröfurnar ganga mun skemmra. Mótmæli stefnanda verða því ekki tekin til greina að þessu leyti.

Málavextir eru þessir:

Milli eigenda jarðanna Mógilsár og Kollafjarðar í Kjalarnesshreppi hefur risið upp ágreiningur um landamerki milli þessara jarða. Ágreiningslaust er þó, að Hvítá hafi ráðið merkjum að sonefndum Geithól. Hins vegar hefur deilan snúizt um það, hvort Hvítá hafi breytt rennsli til sjávar út í gegnum sjávarkambinn. Hefur stefndur haldið því fram, að áin hafi áður runnið miklu norðar út til sjávar heldur en hún gerir nú. Hins vegar hefur stefnandi haldið því fram, að Hvítá hafi ekki breytt um farveg síðan árið 1897 þangað til árið 1940, að tekinn var sandur úr malar-

kambinum norðan við útfall árinna, og falli hún síðan nokkru norðar til sjávar.

Þannig háttar til á þeim slóðum, er hér um ræðir, að ofan við malarkambinn myndar Hvítá allstóra tjörn, og er farvegur árinna nálega eftir miðri tjörninni, og miklu dýpri en sjálf tjörnin. Rétt úti við malarkambinn beygir áin síðan til suðurs og rennur síðan á nokkru svæði meðfram honum, áður en hún fellur út í gegnum malarkambinn til sjávar. Sum þeirra vitna, sem leidd hafa verið í málinu, telja, að tjörnin hafi verið miklu minni um s. l. aldamót heldur en hún er nú.

Áður fyrr lá þjóðvegurinn úr Kjós og af Kjalarnesi um malarkambinn fyrir botni Kollafjarðar og yfir Hvítárósa. Fóru þarna um þeir menn, sem komu úr þessum sveitum á leið til Reykjavíkur í kaupstaðarferð eða annarra erinda. Árið 1926 eða 1927 var þjóðvegurinn lagður á þessum slóðum, og var hann þá fluttur upp undir tún á Mógilsá og alllangt upp í grundina ofan við malarkambinn, svo að síðan sést ekki greinilega af þjóðveginum til staðháttá niðri við malarkambinn í smærri atriðum.

Í málinu hafa verið lögð fram landamerkjabréf jarðanna Mógilsár, rskj. nr. 2, og Kollafjarðar, rskj. nr. 3. Þessi skjöl voru bæði þinglesin á manntalsþingi Kjalarneshrepps 3. júní 1890, og hafa ábúendur og eigendur beggja jarðanna undirritað þau bæði athugasemdalaust, að því er séð verður.

Í landamerkjabréfi Mógilsár er kómið svo að orði, að milli Kollafjarðar og Mógilsár ráði Hvítá merkjum frá sjó í Geithól og upp á Esjubrun. Í landamerkjabréfi Kollafjarðar er þetta hins vegar orðað þannig, að Hvítá ráði merkjum „frá ósum, þar sem hún fellur nú í sjóinn, til upptaka. Þaðan ræður bein stefna skemmstu leið upp á Esju.“

Við orðalag rskj. n. 2 var ekki gerð nein athugasemd við þinglestur þess og ekki heldur við rskj. nr. 3, að því er séð verður.

Í málinu hafa verið leidd fjölmörg vitni, og skiptast þau í tvo flokka. Hefur annar borið, að Hvítá hafi ekki breytt rennsli, en hinn, að hún hafi gert það. Skulu nú vitnisburðirnir raktir hér. Þessi vitni halda því fram, að áin hafi ekki breytt rennsli frá því að þau muna:

1. *Ólafur Eyjólfsson, bóndi að Saurbæ* á Kjalarnesi, hefur borið það, að Hvítá hafi ekki frá því árið 1889, að því er hann bezt minni, breytt rennsli sínu, þar sem hún rennur í sjó í Kollafjörð. Hann hefur getið þess í vitnisburði sínum, að Mógilsá hafi, annað hvort árið 1902 eða 1903, runnið í tjörnina, sem Hvítá myndar, ofan við sjávarkambinn. Þetta hafi aðeins staðið skamma hrið að vorlagi, eftir að skriða hafi fallið í ána. Þessi vitnisburður hefur verið staðfestur með eiði.

2. *Hans Gislason frá Fitjakoti* á Kjalarnesi hefur borið, að Hvítá

hafi ekki breytt farveg síðan árið 1880—1933 út úr malarkambinum, en vitnið kom síðast að Hvitárósum árið 1933. Einnig bar þetta vitni, að engar breytingar hafi orðið á malarkambinum og tjörninni ofan við hann á sama tímabili. Hann taldi, að áin hefði runnið út úr tjörninni í átt nær suðri heldur en suðvestur. Eftir að áin kom fram fyrir malarkambinn, rann áin um fjörur dreift út leirurnar, en vitnið mundi þó ekki, hvernig hún rann. Framburðurinn var staðfestur með eiði.

3. *Guðbjartur Jónsson, bóndi í Króki á Kjalarnesi*, hefur borið það, að Hvitá hafi ekki breytt um rennsli gegnum malarkambinn til sjávar síðan árin 1898—1900, og þangað til 1926—1927. Allt þetta tímabil var hann ýmist að Bakkakoti eða Króki á Kjalarnesi. En síðan 1926 hefur hann ekki komið niður að Hvitárósum. Þenna framburð staðfesti vitnið með eiði.

4. *Jóhann Árnason frá Esjubergi á Kjalarnesi* hefur borið, að síðan hann var 10 ára gamall, eða um 1890, hafi hann oft farið um leirurnar neðan Mógilsár og Kollafjarðar, og mundi hann ekki til, að Hvitá hafi breytt rennsli sínu að neinu leyti á þeim tíma. Þar sem hún fellur út í gegnum malarkambinn. Fór hann þar síðast um haustið 1941, og varð þá ekki var við, að nein breyting væri á orðin á rennslinu út í gegnum kambinn. Þessi framburður var tekinn jafn gildur og hann væri staðfestur með eiði.

5. *Steini Guðmundsson, bóndi á Valdastöðum í Kjós*, hefur borið, að síðan 1890—1900 viti hann ekki til, að Hvitá hafi breytt rennsli sínu út úr malarkambinum til sjávar. Vitnið hefur getið þess, að það myndi ekki til, að nein breyting hafi orðið á tjörninni ofan við malarkambinn eða kambinn sjálfan, en vitnið hefur ekki komið niður að árósunum síðan bilvegurinn var lagður um Kollafjörðinn og ekki athugað staðhætti síðan. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

6. *Jóhannes Ellert Eggertsson, bóndi á Meðalfelli í Kjós*, hefur borið, að hann hafi oft á ári farið um malarkambinn, þar sem Hvitá rennur til sjávar í Kollafjörð, síðan á fyrsta tug 20. aldar, þangað til 1925—1926, og reki hann ekki minni til, að áin hafi breytt rennsli út úr malarkambinum á þeim tíma. Hann hefur einnig borið, að Hvitá hafi runnið til suðvesturs út úr tjörninni ofan við malarkambinn, og hefði hann hvorki veitt því eftirtekt, að tjörninn né malarkamburinn breyttist á þessu tímabili. Þessi vitnisburður var tekinn jafn gildur og hann væri eiðfestur.

7. *Ólafur Einarsson, bóndi að Vindási í Kjós*, hefur borið, að hann hafi að staðaldri síðan árið 1884, þangað til bilvegurinn var lagður yfir Kollafjörð, farið Kollafjarðareyrar og ekki reka minni til, að Hvitá hafi runnið annars staðar til sjávar en hún gerir nú, þ. e. „um lónið og austur fyrir grandann“. Einnig hefur hann borið, að áin hafi runnið sem næst í suður gegnum kambinn, og

muni ekki til, að tjörninn eða malarkamburinn hafi neitt breytt á þeim tíma, sem að ofan greinir. Þegar kom út fyrir sjávarkambinn, dreifði áin sér um leirurnar. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur og hann væri eiðfestur.

8. *Bergþór Ágúst Þorsteinsson að Káraneskoti* í Kjós hefur borið, að hann hafi oft á ári síðan 1910, þangað til þjóðvegurinn var lagður, farið um malarkambinn við Kollafjörð og ekki muna til, að áin breytti sér neitt á því tímabili. Einnig hefur vitnið borið, að Hvítá hafi runnið út úr tjörninni nálega til suðurs, en ekki muna til, hvort tjörninn hafi breytt sér nokkuð á sama tíma eða malarkamburinn. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

9. *Jakob Guðlaugsson, bóndi að Sogni* í Kjós, hefur borið, að hann hafi oft á ári síðan laust fyrir síðustu aldamót farið um malarkambinn, þar sem Hvítá rennur út í Kollafjörð, og síðast farið þar um ríðandi árið 1939, og ekki muna til, að áin hafi breytt rennsli. Einnig hefur hann borið, að áin hafi runnið sem næst suður úr tjörninni, og hefði hún síðan dreift sér um leirurnar. Ekki kvaðst hann muna til, að malarkamburinn eða tjörninn hefði breytt á sama tíma. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

10. *Guðni Guðnason, bóndi að Eyjum* í Kjós, hefur borið, að síðan um 1900, þangað til þjóðvegurinn var byggður, man hann ekki til, að Hvítá hafi breytt um rennsli. Einnig bar vitnið, að áin hefði runnið til suðvesturs úr tjörninni og dreift sér um leirurnar, þegar hún kom út úr malarkambinum, en ekki mundi vitnið, hvort tjörninn eða malarkamburinn hefði tekið nokkrum breytingum á sama tímabili. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur og hann væri eiðfestur.

11. *Sigurjón Ingvarsson, bóndi að Sogni* í Kjós, hefur borið, að síðan 1900 og þangað til þjóðvegurinn var lagður um Kollafjörð hafi hann farið árlega og stundum oft á ári um malarkambinn í Kollafirði, og hefði áin ekki neitt breytt sér á því tímabili. Einnig ber vitnið, að hún hefði runnið mikið til suðurs út úr tjörninni og dreift sér suður á bóginn, þegar kom út á leirurnar, og að hvorki hefði tjörninn né malarkamburinn breytt sér á þessu sama tímabili. Þessi vitnisburður var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

12. *Jón Bjarnason, bóndi í Þúfu* í Kjós, hefur borið, að síðan laust fyrir 1900 og þangað til þjóðvegurinn var lagður, hafi hann oft á ári farið um sjávarkambinn í Kollafirði, og minnst þess ekki, að Hvítá hafi breytt rennsli á því tímabili. Einnig hefur hann borið, að áin hafi runnið út úr malarkambinum til suðurs og að engar breytingar hafi orðið á tjörninni eða malarkambinum á

Þessu tímabili. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

13. *Ögmundur Hansson Stephensen*, sem átti heima að *Hurðarbaki* í *Kjós* á árunum 1885—1905, hefur borið, að Hvitá hafi ekki breytt rennsli, síðan að hann fór fyrst þarna um, en hann fór þarna oft á ári, einkum síðari hluta ofangreinds tímabils. Þessi framburður hefur verið staðfestur með eiði.

14. *Jón Stefánsson*, sem á árunum 1890—1933 átti heima í *Kjós*, hefur borið, að síðan um 1880 og þangað til að þjóðvegurinn var fluttur, að hann hafi ekki séð annað en að Hvitá renni alltaf á sama stað gegnum malarkambinn út í *Kollafjörð*, er hann athugaði staðhætti 7. desember 1941. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

Á hinn bóginn hafa eftirtalin vitni borið það, að Hvitá hafi breytt rennsli út úr malarkambinum til sjávar:

1. *Runólfur Magnússon frá Lykkju á Kjalarnesi*, sem var kaupmaður í *Kollafirði* sumrin 1893—1895, hefur borið, að Hvitá hafi á þeim tíma runnið út úr tjörninni miðri yfir mjóan malarkamb og út leirurnar fyrir norðan sandrif það, sem upp úr sjó kemur um stórstraumsfjöru. Vitnið athugaði staðhætti 25. október 1941, en hafði þá ekki komið að Hvitárósum síðan árið 1897. Hann merkti með bláu striki á uppdráttinn á rskj. nr. 9, hvar hann teldi, að áin hefði runnið út úr malarkambinum, en taldi hugsanlegt, að hún hefði runnið eitthvað norður út úr honum, en alls ekki sunnar. Hann tók fram, að áin hefði breytt um farveg út úr malarkambinum meðan hann man til. Þetta vitni er þannig skylt ábúanda *Kollafjarðar*, að faðir hans og afi *Kolbeins Högnasonar* voru bræður. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur, eins og hann væri eiðfestur.

2. *Jón Árnason frá Viðinesí á Kjalarnesi* og fæddur þar árið 1877, en dvaldi síðan að *Móum* frá 1898—1900, hefur borið, að Hvitá hafi á þessum tíma runnið út úr tjörninni miðri yfir mjóan malarkamb, eða þar sem merkt er á rskj. nr. 9 með bláu striki. Um 1908 kom hann að Hvitárósum, og þá rann áin enn þá nálægt því sem var í æsku hans, eða miklu norðar en hún nú rennur til sjávar, eftir ágizkun um 200 m norðar. Vitnið athugaði staðhætti 2. nóvember 1941. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

3. *Runólfur Þórðarson frá Móum á Kjalarnesi* hefur borið, að frá því að hann man fyrst eftir (hann er fæddur árið 1874) og til 1900 hafi Hvitá runnið úr tjörninni miðri yfir malarkambinn, þar sem merkt er með blárrí línu á uppdráttinn á rskj. nr. 9. Síðast fór hann um hjá Hvitárósum árið 1900, en 2. nóvember 1941 athugaði hann staðhætti að nýju. Einnig bar hann, að hann myndi

ekki til, að áin hefði neitt breytt rennsli frá því að hann man eftir og þangað til að hann fór af Kjalarnesi. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

4. *Ragnheiður Kolbeinsdóttir frá Kollafirði* hefur borið, að Hvítá hafi árið 1889 runnið út úr tjörninni, sunnanvert við hana miðja, og síðan út leirurnar og að mestu norðan við sandrifið, yzt á þeim, sem kemur upp um stórstraumsfjörur. Árið 1912 kom vitnið á flatirnar ofan Hvitárósa, er þar fór fram í tjaldbúðum gullbrúðkaup foreldra hennar, og hafði áin þá ekki breytt rennsli í gegnum malarkambinn. Þetta vitni er móðursystir Kolbeins Högnasonar ábúanda Kollafjarðar. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur, eins og hann væri eiðfestur.

5. *Guðmundur Pétursson, sem heima átti að Esjubergi og Kollafirði* á Kjalarnesi á tímabilinu frá 1880—1900, hefur borið, að Hvítá hafi breytt rennsli, og hafi hún runnið á ofangreindu tímabili, þar sem rauða strikið er dregið á uppdráttinn á rskj. nr. 9, og alls ekki sunnar. Útrennsli árinna hafi breytt frá ári til árs um 5—10 metra af völdum malar, sem brim og sjór báru upp. Vitnið kom 25. okt. 1941 að Hvitárósum og athugaði staðhætti. Þá hafði áin breytt um rennsli út úr malarkambinum, og rann nú miklu sunnar út til sjávar. Úti á leirunum rann áin fyrst til suðvesturs, en síðan að mestu fyrir norðan sandrifið, sem upp úr kemur um stórstraumsfjörur. Þetta vitni er eiginmaður systur næsta vitnis að framan. Vitnisburðurinn var tekinn jafn gildur og hann væri eiðfestur.

6. *Ágúst Jónsson frá Varmadal* hefur borið, að hann hafi árin 1908—1910 verið kunnugur í Kollafirði, og hafi Hvítá þá runnið til sjávar rúmlega 200 metrum norðar en Kollafjarðará, og muni hún hafa runnið til sjávar á svipuðum stað og sýnt er á rskj. nr. 19. Einnig hefur hann borið, að Hvítá hafi runnið út úr tjörninni aðeins sunnan til við krossinn, sem merktur er með bleki við fjöruborðið á uppdrættinum á rskj. nr. 9, og hafi áin breytt rennsli sínu smám saman. Vitnið athugaði staðhætti um hálfum mánuði áður en það mætti fyrir dóminum. Þessi vitnisburður var staðfestur með eiði.

7. *Pétur Guðmundsson frá Kollafirði* hefur borið, að hann hafi árin 1908—1910 verið kunnugur í Kollafirði, og þá hafi Hvítá runnið til sjávar rúmlega 200 metrum norðar en Kollafjarðará, og hefði Hvítá þá runnið út í gegnum kambinn, þar sem merkt er með tveimur krossum við fjöruborðið á uppdrættinum á rskj. nr. 9. Að því er Kollafjarðará snertir, taldi vitnið, að hún hefði runnið til sjávar nokkru sunnar en sýnt er á rskj. nr. 19. Einnig bar vitnið að kamburinn norður af ósi Hvitár, norður undir gamla ósinn, sé nýtt land, sem myndast hafi á árunum 1910—1941 af uppburði frá sjó. Vitnið athugaði staðhætti tvisvar sinnum skömmu áður en

hann mætti fyrir dóminum. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur, eins og hann væri eiðfestur.

8. *Þorkell Jónsson frá Snússu á Kjalarnesi* hefur borið, að rétt fyrir aldamót hafi Hvítá runnið miklu norðar til sjávar heldur en Kollafjarðará, eða um 200 metrum norðar. Rann Hvítá þá út úr miðri tjörninni úr smáviki, sem nú sést vestast í henni, og hafi hún runnið sem næst þar sem merktir eru tveir krossar á uppdráttinn á rskj. nr. 9. Tjörnin, sem er ofan við malarkambinn, var miklu minni, aðeins lítill pollur. Einnig bar hann, að hann myndi til staðhátta við Kollafjörð árin 1899, 1900, 1910, 1911 og 1917, og myndi hann ekki til, að áin breytti sér á þessu tímabili. Vitnið áréttaði síðan framburð sinn og sagði, að áin myndi aðallega hafa breytt rennsli eftir 1911. Þá tók vitnið fram, að áin mundi hafa runnið sunnan við sandrifið, þegar kom út á leirurnar. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

9. *Björn Jónsson frá Lykkju á Kjalarnesi* hefur borið, að um 1900 og skömmu fyrir hafi Hvítá runnið til sjávar miklu norðar en hún gerir nú. Hafi hún runnið úr smáviki út úr tjörninni miðri og síðan út leirurnar og norðan við sandrifið. Tjörnin var um þær mundir miklu minni heldur en hún er nú. Vitnið athugaði staðhætti við Hvítárósa 23. nóvember 1941 og taldi, að Hvítá mundi hafa runnið um 200 metrum norðar út í gegnum malarkambinn heldur en hún gerir nú. Afi vitnisins og afi Kolbeins Högnasonar voru bræður. Vitnisburðurinn var tekinn jafn gildur og hann væri eiðfestur.

10. *Magnús Jónasson, bóndi á Völlum á Kjalarnesi*, hefur borið að Hvítá muni hafa runnið um 120 metrum norðar heldur en hún gerir núna. Vitnið athugaði staðhætti 2. nóvember 1941, en man til árinna frá því rétt fyrir aldamót og þangað til 1907. Einnig hefur hann borið, að tjörnin ofan við malarkambinn hafi verið allmiklu minni þá heldur en núna og að áin hafi runnið út leirurnar sitt hvorum megin við sandrifið. Þá hefur hann haldið því fram, að malarkamburinn hafi verið miklu mjórri heldur en hann er núna. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

11. *Kolbeinn Högnason, bóndi í Kollafirði*, gaf þá skýrslu, að Hvítá hafi runnið um 1913 sem næst þar sem svartir krossinn er merktur í uppdráttinn á rskj. nr. 9, en síðan færzt smám saman suður á bóginn. Hafi kamburinn breikkað mikið síðan að hann man fyrst eftir, en hann er 52 ára gamall. Rann Hvítá þá sem næst út úr miðri tjörninni, sem þá var miklu minni heldur en nú. Þessi framburður hefur ekki verið staðfestur og mótmælt.

12. *Andrés Ágúst Guðnason, sem var á Mógilsá frá 1886—1908*, hefur borið, að Hvítá hafi ekki runnið sunnar í gegnum malarkambinn á þessu tímabili en sýnt er á rskj. nr. 9 með krossi við sjávarmál. Tjörnin sé stærri heldur en þegar hann þekkti til og

malarkamburinn breiðari. Hann athugaði staðhætti í marz 1941 og aftur skömmu áður en hann bar vitni. Einnig bar hann, að Mógilsá hafi í vatnavöxtum runnið í tjörnina, en það hafi þó aðeins verið kvisl, sem runnið hafi um skamman tíma í vesturenda tjarnarinnar, og mundi það hafa verið í 2—3 ár á ofangreindu tímabili. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur, eins og hann væri eiðfestur.

13. *Oddur Jónsson frá Króki á Kjalarnesi* hefur borið, að hann á árunum 1900—1921 hafi oft farið um Kjalarnesið og yfir Hvitá. 9. nóvember 1941 fór hann og athugaði staðhætti og sá þá, að Hvitá rennur talsvert sunnar út úr malarkambinum heldur en hún gerði um aldamót, en þá rann hún beint út úr tjörninni og yfir malarkambinn, en ekki meðfram honum, eins og nú. Síðustu árin, sem vitnið fór þarna um, var áin farin að beygja til suðurs, og man hann, að kominn var nokkur malarkambur, sem áin rann meðfram, eftir að hún rann út úr tjörninni og áður en hún rann til sjávar. Einnig bar vitnið, að um aldamót hafi áin ekki runnið sunnar til sjávar en við blekkrossinn, sem merktur er á uppdráttinn á rskj. nr. 9. Breytingin á ánni muni hafa orðið smám saman. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

14. *Jón Halldórsson frá Austur-Völlum á Kjalarnesi* hefur borið, að 10 ára gamall hafi hann flutzt að Álfsnesi og verið þar 11 ár. Á því tímabili rann Hvitá til sjávar úr miðri vestanverðri tjörninni úr smáviki, sem nú er sjáanlegt til vesturs í tjörninni. Einnig bar hann, að tjörnin hefði verið miklu minni þá heldur en núna. Hinn 23. nóvember 1941 athugaði vitnið staðhætti. Hann kvaðst ekki vita, hvenær Hvitá hefði breytt rennsli til sjávar eða hvorum megin sandrifsins hún hefði runnið út leirurnar. Þessi vitnisburður var staðfestur með eiði.

15. *Gunnlaugur Jónsson frá Króki á Kjalarnesi* hefur borið, að Hvitá hafi, er hann athugaði staðhætti við Hvitárósa í nóvember 1941, runnið talsvert sunnar til sjávar út úr malarkambinum heldur en hún gerði skömmu eftir síðustu aldamót, er hann man fyrst eftir henni. Þá rann áin út úr miðri tjörninni sunnanverðri og sem næst beint til vesturs út úr malarkambinum. Vitnið fór síðast um ósana 1923—1924, og rann áin þá á svipuðum stað út úr malarkambinum og hún rennur nú. Ekki treysti vitnið sér til að sýna á uppdrættinum á rskj. nr. 9, hvar áin muni hafa runnið út úr kambinum, og ekki muna, hvenær áin hafi breytt framrennsli. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

16. *Dr. Björn Þórðarson frá Móum á Kjalarnesi* hefur borið, að Hvitá hafi á tímabilinu 1890—1897 líklega runnið sunnan við rauða strikið á uppdrættinum á rskj. nr. 9. Ármynnið hafi líklega verið sunnanvert við miðjan ósinn. Vitnið athugaði staðhætti í nóvember 1941 og fannst mikil breyting orðin á. Ósinn (tjörnin)

líklega að yfirborði fjórum sinnum stærri en áður, og falli áin nú suður úr honum og renni langa leið, áður en hún renni til sjávar. Stefnumunurinn milli núverandi útrennslis og á ofangreindu tímabili, þótti vitninu ekki ólíklegt, að myndaði 45—50 gráða horn. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

17. *Einar Runólfsson, sem á árunum 1916—1927* var ýmist að Völlum eða *Norður-Gröf á Kjalarnesi*, hefur borið, að hann hafi oft á því tímabili farið um Hvítárósa. Í byrjun nóvember 1941 athugaði hann staðhætti að nýju, og taldi, að Hvítá rynni nú nokkru sunnar út úr malarkambinum heldur en hún gerði þá, og að malarkamburinn hefði verið miklu styttri og mjórri. Ekki treysti vitnið sér til að tiltaka þá vegarlengd, er áin hefði breytt rennsli. Vitnisburðurinn var gildur tekinn, eins og hann væri eiðfestur.

18. *Einar Pétursson, sem dvaldi nokkur ár skömmu eftir síðustu aldamót* í Kollafirði, hefur borið, að Hvítá hafi runnið talsvert norðar til sjávar yfir malarkambinn heldur en hún gerði nú eða á árunum 1905—1907. Vitnið athugaði staðhætti við Hvítárósa í nóvembermánuði 1941. Vitnið treysti sér ekki til að sýna á uppdrættinum á rskj. nr. 9, hvar áin mundi hafa runnið, en fullyrti, að það hefði verið talsvert norðar heldur en hún rennur núna, og kvaðst ekki geta til tekið fjarlægðina í metrum. Einnig tók vitnið fram, að hann gerði ráð fyrir, að áin hefði breytt rennsli smám saman. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

19. *Sigurður Nielsson, sem dvaldist að Mógilsá á árunum 1882—1886*, hefur borið, að Hvítá hafi breytt mjög rennsli til sjávar síðan að hann var á Mógilsá. Athugaði hann staðhætti seint í nóvember 1941. Vitnið bar, að áin mundi hafa runnið til sjávar sem næst því, þar sem merkt er rautt strik á uppdráttinn á rskj. nr. 9, og síðan vestur leirurnar. En ekki kvaðst vitnið muna eftir neinu sandrifi utan við leirurnar. Þá hefur hann borið, að tjörnin ofau kambinsins hafi verið miklu minni heldur en núna. Vitnið hefur ekki komið í 50 ár á staðinn, er það kom þangað aftur í nóvembermánuði 1941. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Enn fremur hafa í málinu verið lögð fram nokkur vottorð, en þau hafa ekki verið staðfest fyrir dóminum, enda þótt þeim hafi verið mótmælt sem óstaðfestum utanréttar vottorðum.

Við samanburð á framburðum þessum kemur í ljós, að mjög mikið misræmi er milli þeirra. Skiptast þeir í tvo aðalflokka. Annars vegar standa framburðir þeirra vitna, sem halda því fram, að Hvítá hafi ekki breytt rennsli, en hins vegar eru vitnisburðir þeirra, sem halda því fram, að áin hafi breytt rennsli út úr malarkambinum, auk þess sem nokkru skakkaði í framburði vitnanna í þessum flokki innbyrðis. Ber þeim ekki saman um, hve mikilli vegarlengd nemi breyting sú, sem orðið hafi á framrennsli ár-

innar, og treystu sum vitnin sér ekki til þess að tiltaka vegalengd.

Eins og vitnisburðir þessir liggja fyrir, þá þykir augljóst, að þeir skeri ekki úr um niðurstöðu í máli þessu.

Stefndur hefur haldið því fram, að uppdráttur herforingjaráðsins, rskj. nr. 53, sannaði fullkomlega, að Hvítá hefði síðan árið 1908, að mælt var til undirbúnings uppdrættinum, breytt rennsli þannig, að hún rynni nú um 140 metrum sunnar heldur en hún gerði þá. Uppdráttur þessi er gerður með mælikvaða 1:50000.

Ágúst Böðvarsson verkfræðingur framkvæmdi mælingar á botni Kollafjarðar 21. og 27.—29. desember 1941, og gerði síðan uppdrátt af svæðinu með mælikvarða 1:10000. Uppdráttur þessi hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. nr. 55. Hann hefur markað á þenna uppdrátt með rauðum hring og merkt með tréstauro á landinu þann stað, sem ósar Hvítár hefði verið árið 1908 samkvæmt uppdrætti herforingjaráðsins, rskj. nr. 53. Við leitina að þessum stað hefur hann miðað við hlutföll fjarlægða meðfram ströndinni, milli Hvítárósa og Mógilsáróss annars vegar og hins vegar við ósa farvegs Kollafjarðarár, þar sem hún rann til sjávar fram til ársins 1917. Reyndist honum, að fjarlægðin frá þeim stað, sem Hvítá hefði runnið til sjávar 1908, og sandrifs, sem er norðan við núverandi framrennsli hennar, vera 140 metrar, eða að Hvítá rynni nú 140 metrum sunnar heldur en hún gerði árið 1908. Þess skal getið, að við merkjagöngu fundu dómendur í máli þessu ekki staur þann, sem verkfræðingurinn kvaðst hafa rekið niður til þess að merkja staðinn, sem áin hefði runnið til sjávar 1908. Ágúst Böðvarsson hefur ekki mætt fyrir dómnum og staðfest mælingar sínar og uppdrætti.

Sigurður Thoroddsen yfirkennari hefur í umsögn á rskj. nr. 63 bent á, að uppdráttur herforingjaráðsins, sem Ágúst Böðvarsson hefur notað við staðarákvörðun sína, sé í svo litlum mælikvarða (1:50000), að aðallega sé um afstöðuuppdrátt að ræða, sem ekki sé nákvæmur í smærri atriðum. Þannig gæti tjarnarinnar ofan við malarkambinn lítið gætt á uppdrættinum, vegna þess hve litill hann væri, enda væri hún ekki sýnd. Ágúst Böðvarsson hefur bent á, að ef hún hefði verið 90 m á breidd, hefði hún átt að vera sýnd með 1,8 mm breidd á uppdrættinum. Sama máli gegnir um þá breytingu, sem haldið er fram, að orðið hafi á ánni. Hún nemur með þessum sama mælikvarða 2,8 mm miðað við 140 m breytingu. Hennar mundi því lítið gæta á svona litlum uppdrætti, og færi þá eftir því, með hve mikilli nákvæmni uppdrátturinn er gerður, hvort hennar hefði nokkuð gætt.

Með hliðsjón af framansögðu litur dómurinn svo á, að uppdráttur herforingjaráðsins frá 1909, rskj. nr. 53, sé gerður með of litlum mælikvarða til þess að hægt sé að líta á hann sem full-

nægjandi sönnun fyrir því, að Hvitá hafi breytt rennsli til sjávar síðan árið 1908.

Í málinu hefur verið lögð fram álitserð Jóhannesar Áskels-sonar, rskj. nr. 67. Skjali þessu hefur verið mótmælt sem óstaðfestu, en samt hefur ekki farið fram staðfesting á því fyrir dóm-inum.

Í landamerkjaskránum á rskj. nr. 2 og 3 er annars vegar komizt svo að orði, að Hvitá ráði merkjum frá sjó í Geithól og upp á Esjubrún, en hins vegar, að áin ráði merkjum frá ósnum, þar sem hún fellur nú í sjóinn, til upptaka. Þaðan ræður bein stefna skemmstu leið upp á Esju.

Stefndur hefur haldið því fram, að með orðalaginu: „Þar sem hún fellur nú í sjóinn“, sé í fyrsta lagi sagt, að sá farvegur, sem áin rann í árið 1889, þegar landamerkjabréfið var gert, skuli ráða merkjum, en ekki sá farvegur, er áin síðan kynni að brjóta sér. Í öðru lagi sé gefið í skyn með orðinu „nú“, að áin sé ekki stöðug í rásinni. Í þriðja lagi hefur hann haldið því fram, að svona orðalag sé í landamerkjaskránni að jafnaði ekki notað, nema um ár, sem kunnugt sé um, að hafi annað hvort breytt farvegi sínum eða talið sé, að auðveldlega geti gert það. Þessu til sönnunar eru þó ekki tekin nein dæmi.

Stefnandi hefur algerlega mótmælt þessum skilningi á orðalagi bréfsins og haldið því fram, að orðalagið væri í samræmi við orðun landamerkjabréfa yfirleitt, þar sem miðað sé við staðhætti, eins og þeir eru, þegar bréfin eru samin.

Dómurinn fellst á þessa röksemdafærslu stefnanda að því er þetta atriði snertir, og vill jafnframt benda á, að bréfin eru lesin á sama manntalsþingi, án þess að nokkrar athugasemdir hafi vitanlega komið fram um efni þeirra.

Í málinu verður að teljast upplýst, að Hvitá rennur út leir-urnar sunnan við sandrifið (Sandeyri) sem kemur upp úr sjó um fjörur.

Krafa stefnanda um það, að viðurkennt verði, að Mógilsá hafi átt land að Hvitá, þar sem hún rann gegnum malarkambinn áður en malartekja haustið 1940 orsakaði breytingu á rennsli árinna, verður ekki tekin til greina, þar sem hún er of óákveðin og ekki sannað í málinu hvar áin rann þá.

Við athugun á staðháttum virðist augljóst, að Hvitá hafi ráðið merkjum milli Mógilsár og Kollafjarðar, og að það sé að öllu leyti eðlilegast. Dóminum virðist, að ekki verði hallað á eigendur þessara jarða með því að ákveða landamerki þeirra þannig, að Hvitá ráði merkjum frá sjó og til upptaka og síðan ráði stytta lína frá upptökum árinna að Esjubrún.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina í höf-udatriðum.

Eftir þessum úrslitum málsins ber stefndum að greiða kostnað málsins og sundurliðast hann þannig:

1. Málskostnaður stefnanda og málflutningslaun samkvæmt framlögðum reikningi ..... kr. 1754.75
2. Ferðakostnaður dómenda, kr. 450.00, og dagpeningar, kr. 400.00, eða alls ..... — 850.00  
og verður málskostnaður því samtals ..... kr. 2604.75

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að dómur væri kveðinn upp í málinu, stafar af marghátuðum önnum formanns dómsins, undirbúningi undir manntalsþing og þingafærðum.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Landamerki milli Mógilsár og Kollafjarðar skulu vera þessi:

Frá sjó ráði Hvitá, eins og hún rennur til sjávar fyrir sunnan Sandeyri við Kollafjarðarbotn, upp að malarkambi og gegnum hann, síðan til norðurs meðfram malarkambinum að tjörninni, sem áin myndar fyrir austan malarkambinn, og síðan eftir farveginum í miðri tjörninni. Eftir það ráði áin frá því að hún rennur í tjörnina til upptaka og úr því stytzt á lina í Esjubrún.

Málskostnað greiði stefndur, landbúnaðarráðherra f. h. jarðakaupasjóðs ríkisins, með kr. 2604.75.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1944.

Nr. 81/1943. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)  
gegn

**Paul A. S. Wiberg.** (Lárus Fjeldsted).

Ólöglegar veiðar togara í landhelgi.

#### Dómur hæstaréttar.

Eftir að héraðsdómur var upp kveðinn, hafa yfirmenn varðskipsins gefið frekari skýrslu fyrir dómi um töku togarans, Leivur Össurson T.G. 32 og staðarárvarðanir sínar og mælingar. Þá hefur og forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjóuppdrátt stað þann, þar sem